

## Leikskólamál - áskorun til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Það er megn óánægja meðal foreldra ungra barna í Hafnarfirði vegna stöðu leikskólamála í bænum. Okkur þykir óviðunandi hve börnum hér er boðin leikskólavist seint á aldurskeiðinu.

Það að börn fái ekki leikskólavist fyrr en á þriðja aldursári er óhagstætt börnunum, þau verða af mikilvægri þroskaörvun sem hefst á leikskóla. Enn fremur, þurfi þau að vera hjá dagforeldri fram á þriðja ár, er hætta á að þau einangrist í hópi mun yngri barna. Fyrirkomulagið hefur og í för með sér óhagræði fyrir foreldrana þar sem meiri kostnaður fylgir því að hafa börn hjá dagforeldrum en á leikskóla.

Við bendum á að í samanburði við nágrannasveitarfélögin er Hafnarfjörður sannarlega eftirbátur hvað leikskólaþjónustu varðar, hvort heldur sem litið er til inntökualdurs eða leikskólagjalda. Okkur finnst við svikin um þjónustu og sanngjarnt og eðlilegt jafnræði við barnafjölskyldur annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Það hlýtur að vera forgangsmál sérhverrar sveitarstjórnar að sveitarfélagið sé sem mest aðlaðandi fyrir dýrmætustu íbúana sem tryggja framtíð þess, nefnilega barnafjölskyldurnar. Sú virðist þó engan veginn raunin hér.

Við skorum á bæjaryfirvöld..:

- að tryggja að öll börn sem orðin verða 18 mánaða 1. september næstkomandi fái leikskólavist í haust
- að auka niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldri frá 18 mánaða aldri svo kostnaður foreldra með barn hjá dagforeldri verði til jafns við kostnað foreldra með barn á leikskóla
- að auka niðurgreiðslur til dagforeldra almennt til jafns við það sem gerist í nágrannasveitarfélögum
- að innrita alla jafna í laus pláss allt árið um kring og leitast við að bjóða yngri börnum leikskólavist kjósi foreldrar svo.

Virðingarfyllt

Foreldrar barna í Hafnarfirði sem fædd eru árið 2014